

Borgarráð 10. nóvember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verkefni persónuverndarfulltrúa Reykjavíkur MSS22110079

Verið er að skipta Innri endurskoðun upp og sennilega þar með útvíkka hlutverk hennar. Það eiga að starfa þrjú fagsvið innan Innri endurskoðunar í stað tveggja. Þau eru Fagsvið innri endurskoðunar, Fagsvið Rágjafar og Fagsvið persónuverndar. Nokkuð er síðan ráðinn var persónuverndarráðgjafi. Flokkur fólksins óskar upplýsinga og yfirlits yfir þau verkefni sem hafa komið inn á hans borð og að þau séu grófflokkuð. Einnig er óskað eftir að vita hvernig þeim lyktaði og hvort aðilar voru sáttir með málalyktirnar.